

Vilhjálmur Egilsson á umhverfisþingi
9. október 2009



Fundarstjóri, ráðherra, góðir fundarmenn.

Ég þakka fyrir að vera boðið að koma hér til að um fjalla um viðhorf atvinnulífsins til sjálfbærrar þróunar og málefna þingsins

Fyrsta grundvallarregla Ríósáttmálans segir að sjálfbær þróun snúist um fólk og rétt manna til að lifa heilbrigðu og auðugu lífi í sátt við náttúruna. Við Íslendingar erum nú í stöðu sem við öll þekkjum og þarf ekki að tíunda hér, en kallar á að nýta þennan rétt okkar til að hagnýta náttúru landsins á sjálfbæran hátt með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Við verðum að horfa til framtíðar og byggja upp ný arðbær störf, spara og fjárfesta okkur út úr kreppunni. Hver sá sem horfir á möguleika okkar utanfrá sér á augabragði vannýttar náttúruauðlindir sem geta orðið til gagns og skapað skilyrði fyrir velmegun og velferð þjóðarinnar allrar.

Það er frumskylda okkar sem gegnum leiðandi hlutverkum í stjórnámálum, atvinnulífi eða samtökum fólks eða fyrirtækja að sjá til þess að fólk geti séð fyrir sér og sínum. Okkur ber skylda til að treysta þær undirstöður sem tryggja fólki vinnu og möguleika til fullrar þátttöku í samfélaginu. Umhverfismál og sjálfbær þróun snýst um fólk.

Samtök atvinnulífsins ganga út frá því sem vísu að sjálfbær nýting auðlinda og skynsamleg langtímasjónarmið séu ráðandi í atvinnuuppbyggingu. Virðing fyrir náttúrunni og áhersla nauðsyn skapandi umhverfisverndar hafa vaxið mjög á tíma okkar kynslóðar. Við skynjum að náttúran og auðlindir okkar eru ekki óendanlegar, þeim eru sett takmörk sem við verðum að lifa við og læra á.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á ábyrgð í nýtinu auðlinda okkar. Ábyrg en jákvæð stefna er hins vegar ekki alltaf til vinsælda fallin og því miður eru margvíslegir fordómar sem atvinnulífið þarf að glíma við þegar nýting auðlindanna er annars vegar.

Tökum fiskveiðarnar sem dæmi. Ábyrg stjórnun fiskveiða byggir á þremur meginstoðum sem allar hafa veigamikið hlutverk. Fyrsta stoðin er ákvörðun um hversu mikið megi veiða, önnur stoðin er hver á að veiða og þriðja stoðin er hvernig eigi að veiða sem fjallar líka um hvar og hvenær. Stoðirnar þurfa allar að vinna saman að sama marki. Í öllum alþjóðlegum samanburði hafa Íslendingar náð mjög góðum árangri við stjórn fiskveiða. Stoðirnar þrjár virka betur hér en víðast annars staðar.

Fyrirtækin hafa ennfremur verið tilbúin til að vinna með stjórnkerfinu og fjárfest og skipulagt rekstur sinn á grundvelli langtíma hugsunar. Tækifærismennska og skammtímasjónarmið eru þó skammt undan og freistingar óábyrgra stjórnámálanna eru stundum óbærilegar. Það erum við að upplifa núna með svokölluðum strandveiðum sem eru gamaldags atkvæðakaup á kostnað heildarhagsmuna. Jafnvel fræðimenn í faginu taka að sér að leiða ábyrgðarleysið. Eina slíka kenningu vil ég kalla „veiða meira kenninguna“. Hún gengur út á að þegar illa árar í sjónum þurfi að grisja fiskinn með því að veiða meira. Þess vegna eigi að heimila auknar veiðar. En svo þegar vel árar og fiskurinn vex hratt og vel, þá er líka sjálfsagt að veiða meira. Um að gera að auka veiðar við þau skilyrði. Sem sé, það er alltaf hægt að veiða meira, sama hvernig skilyrðin í sjónum eru.

Svo eru að sjálfsögðu ýmsir sem endalaust gera lítið úr rannsóknum Hafrannsóknastofnunar og tala um hvað mikið sé af þorski í sjónum. Samt þarf engan sérfræðing til að sjá að á undangengnum árum hefur verið veitt of mikið og stjórnun ekki verið nægilega markviss þegar kemur að því hvernig þorskurinn er veiddur. Þegar aldursamsetning aflans er skoðuð kemur í ljós að mikil breyting hefur orðið síðustu áratugina þannig að eldri fiskurinn er hverfandi miðað við það sem áður var. Og við vitum líka að við höfum verið að ná betri og betri tókum á stjórn þorskveiðanna með því að þetta sífellt aflamarkskerfið og loka götum á því. Þannig er aflamarkskerfið ein af grunnstoðum ábyrgrar fiskveiðistjórnunar en það er svo eftir öðru í íslenskri pólitík að ráðherra úr flokki sem leggur áherslu á umhverfisvernd skuli byrja að grafa undan þessari stoð til þess að þóknast þröngum sérhagsmunum. Óábyrgar fiskveiðar eru orðnar að veiðarfæri fyrir óábyrgar atkvæðaveiðar.

Samtök atvinnulífsins eru andvíg þeim áformum stjórnvalda að færa rannsóknir og stefnumótun um auðlindir frá atvinnuvegaráðuneytum til Umhverfisráðuneytisins. Rannsóknir á auðlindunum eru samofnar þróun atvinnugreinanna. Náin tengsl rannsókna, nýtingar og stjórnsýslu styrkja mjög þann skilning sem nauðsynlegur er á sjálfbærri og ábyrgri nýtingu. Frá sjónarhóli atvinnulífsins er mun heppilegara að rannsóknum vegna auðlindanýtingar sé stýrt af ráðuneytum og ráðherrum sem hafa framþróun viðkomandi atvinnugreinar að markmiði. Atvinnulífið getur ekki búið við að lítið sé á auðlindanýtingu og fyrirtæki sem nýta sér auðlindir sem eilíft vandamál. Ég verð að viðurkenna að ferill Umhverfisráðuneytisins og stofnana þess er ekki varðaður trausti eftir hverja ákvarðanatöku ef ákvarðanir hafa þá fengist teknar yfirleitt í samræmi við lögbundna ferla og fresti.

Íslenskt atvinnulíf gerir ráð fyrir auknum kröfum um að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum. Íslenskt atvinnulíf mun að sjálfsögðu ekki reikna með að gera verið stíkk frí þegar alþjóðasamningar eru gerðir á þessu sviði. Samtök atvinnulífsins ganga hins vegar út frá því að hagsmuna Íslendinga sé gætt. Við þekkjum vel þegar samið er milli þjóða um nýtingu á sameiginlegum fiskistofnum. Þá er allra hagur að nýtingin í heild sé ábyrg en hver um sig þarf að gæta þess að fá eðlilega og réttláta hlutdeild úr veiðinni. Með sama sjónarmiði þurfum við að taka þátt í loftslagssamningum. Það er afar mikilvægt að ekki verði gerðar meira íþyngjandi kröfur til einstakra fyrirtækja og atvinnugreina hér en gilda í nálægum löndum. Starfssemi á Íslandi má ekki flytjast um set og byggjast upp þar sem kröfur eru minni.

Nú eru áform uppi um sérstaka skattlagningu á orkufrekan iðnað sem hvergi tíðkast. Áhrifin verða fyrst og fremst þau að fæla fjárfesta frá og byggja starfsemina upp annars staðar. Umhverfisáhrifin eru því engin. Það eru alger öflugmæli að kynna þessa skattheimtu sem umhverfisgjöld. Á næstu árum er við það miðað að íslenskur orkufrekur iðnaður falli undir viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir en muni ekki þurfa að greiða fyrir þær nema að því marki sem útstreymi er umfram það sem gerist hjá þeim bestu í viðkomandi atvinnugrein.

Og hvernig verður þetta svo með rafmagnsskattinn? Halda menn að erlendir eða innlendir fjárfestar fari að semja við ríkisfyrirtæki um tiltekið orkuverð og bíði svo eftir því að eigandinn komi eftir á með nýjan reikning vegna orkuskatta? Nýir samningar um orkuverð munu allir ganga út frá því að orkuseljandinn taki á sig skattinn. Og þá vaknar enn ein spurningin. Ráða íslensku orkufyrirtækin við að taka á sig rafmagnsskattinn? Aðalgagnrýnin á orkufyrirtækin hefur verið sú að þau selji orkuna á of lágu verði til stórnotenda og tapi eða hagnist lítið sem ekkert á orkuframkvæmdunum. Eina undantekningin er þegar erlendir fjárfestar vilja eignast orkufyrirtækin. Þá verða þau allt í einu helstu gróðafyrirtæki landsins sem þjóðin má alls ekki missa af.

Þessi skattlagningaráform eru veruleg ógnun við fjárfestingar í orkuframleiðslu og orkufrekum iðnaði. Sumum finnst það fínt og vilja helst uppbyggingu og ný störf í atvinnugrein sem er kölluð „eitthvað annað“. Það er atvinnugreinin sem átti að veita þeim vinnu sem urðu af störfum við uppbyggingu og stækkun álversins í Straumsvík og tilheyrandi virkjana þegar sú framkvæmd var slegin af í Hafnarfirði. Þessi atvinnugrein „eitthvað annað“ hefur ekki skilað sínu en í staðin hefur atvinnugrein sem heitir „ekki neitt“ tekið við fólkinu. Í þessari atvinnugrein, „ekki neinu“ hefur fólk tekjur af atvinnuleysisbótum.

Að lokum langar mig til að minnast á stöðugleikasáttmálann og álverið í Helguvík. Samtök atvinnulífsins gerðu ásamt fleirum sáttmála 25. júní við ríkisstjórnina þar sem m.a. eru skýr ákvæði um að stjórnvöld muni greiða götu álversins í Helguvík og tengdra framkvæmda. Takið eftir: Greiða götu. Nú hefur umhverfisráðherra gert grófa atlögu að þessum sáttmála með því

að fella úr gildi án lagaheimilda ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 25. mars um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á Suðvesturlínu. Við gerðum stöðugleikasáttmálann við ríkisstjórnina í góðri trú og í vinnslu hans var okkur aldrei tjáð að það væru nein sérstök vandkvæði á því að tryggja að engar hindranir yrðu af hálfu opinberra aðila í vegi álversins í Helguvík og tengdra framkvæmda þann 1. nóvember næstkomandi.

Það er athyglisvert að ráðherrann talar ítrekað um „þá sem gerðu stöðugleikasáttmálann“ þegar hún er að verja ákvörðun sína. Samt er ríkisstjórnin aðili að sáttmálanum. Í hausnum stendur „ríkisstjórn Íslands“. Er ekki ráð að einhver veljviljaður ráðherranum hér á þessu þingi hnippi í hana og vekji athygli hennar á því að hún er í ríkisstjórninni og sjálf aðili að sáttmálanum?

Svo er annað. Í lögum er talað um að það sé tveggja mánaða frestur frá kæru sem kemur inn 24. apríl til að klára málið í Skipulagsstofnun. Sem sé, 24. júní, daginn áður en stöðugleikasáttmálinn var gerður. Er eitthvað annað dagatal í umhverfisráðuneytinu og stofnunum þess heldur en hjá okkur hinum? Telja menn þarna mánuðina kannski apríl, Icesave, sumarfrí, Icesave, september, júní? Og svo talar ráðherrann um góða stjórnsýslu.

Með ólöglegri ákvörðun sinni er umhverfisráðherra að gera atlögu að stöðugleikasáttmálanum og að leggja sitt af mörkum til þess að setja vinnumarkaðinn í uppnám. Eins og að það sé brýnasta verkefni samfélagsins að fara í stríð á vinnumarkaðnum? Nei, ég segi við ráðherrann. Þessa ólöglegu ákvörðun verður að afturkalla. Nú er nóg komið. Atvinna fólks og vinnufriður eru ekki leikföng.